# HÖNNUNARSTAÐALL

MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI

## Efnisyfirlit


2 Efnisyfirlit og tilgangur
3 Um merki MA
4 Útfærslur merkis
6 Andrými
8 Litir
10 Notkun á lituðum/dökkum fleti
12 Letur
14 Óleyfilegar útfærslur


## Tilgangur hönnunarstaðals

Merki stofnunar, félags eða fyrirtækis inniheldur tákn fyrir þau gildi sem hafa verið sett í tímans rás eða ákveðið hefur verið að vinna eftir. Merki er form til opinberrar auðkenningar og kynningar. Samræmi í notkun merkisins, útliti og framsetningu, í hvaða miðli sem er, skapar áreiðanlega ímynd og styrkir þau gildi sem fyrirtækið/stofnunin stendur fyrir.

Mikilvægt er að þeir sem vinni með merkið bæði innan húss og utan fari eftir þeim stöðlum sem settir hafa verið í þessu hefti þannig að þau markmið sem lagt hefur verið upp með haldist.

## Merki Menntaskólans á Akureyri

Merki skólans er myndtákn af vakandi uglu með útbreiddan væng. Uglan er tákn visku og vís dóms.
Form merkisins er einnig skírskotun í skammstöfun á heiti skólans,  M.A.
Einnig er hægt að sjá í því opna bók og opnar dyr.
Merkið er skýrt í einum lit hvort sem er dökkt eða ljóst á dökkum grunni,
en getur tekið með sér hinn grágræna tón sem má finna víða í Gamla skóla.

Merkið getur staðið eitt og sér en yfirleitt er það uppsett með heiti skólans
sett í ákveðna leturgerð og er til í nokkrum útgáfum sem eru sýndar og útskýrðar í þessu hefti.

# Útfærslur merkis

Merki Menntaskólans á Akureyri er til í nokkrum útfærslum og má nota eftir því hvernig form og aðstæður leyfa. Einungis má nota þessar fimm útfærslur, aðrar uppsetningar eru ekki leyfilegar.

Hringformið, notað helst í opinberum gögnum skólans og við formlegri tækifæri.

Lengri landslagsútgáfa. Getur tekið með sér latneska heiti skólans.

Myndtáknið getur staðið eitt og sér og er hægt að nota þar sem heiti skólans kemur fyrir annarsstaðar á sama fleti.

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Styttri landslagsútgáfa.

Styttri landslagsútgáfa. Hlutföll texta og merkis eru jafnari.

## Andrými






Mikilvægt er að pláss í kringum merkið sé nægilegt og sé alltaf a.m.k. „vængjabreidd“ af rými í kringum táknmyndina og textann.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
SCHOLA AKUREYRENSIS

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
SCHOLA AKUREYRENSIS

# Litir

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Fjórlitaprentun

| | |
|---|---|
| C | 0 |
| M | 0 |
| Y | 0 |
| K | 90 |

| | |
|---|---|
| C | 50 |
| M | 16 |
| Y | 60 |
| K | 5 |

Tveir litir eru í merki skólans, 90% svartur og „gamlaskólagrænn“.

| Svart/hvít prentun | Sérlitir / Pantone | Skjálitir |
|---|---|---|
| C 0<br>M 0<br>Y 0<br>K 90 | Pantone Black 2 C | R 65<br>G 65<br>B 65<br>#424242 |
| C 0<br>M 0<br>Y 0<br>K 50 | Pantone 7494 C | R 140<br>G 170<br>B 125<br>#8DA77D |

Svart/hvít útgáfa af merkinu er til en það er í lagi að ljósrita merkið í lit í svart/hvítu, græni liturinn verður þá örlítið ljósari grár en annar hluti merkisins.

# Notkun á dökkum grunni / litafleti

Reynt skal að forðast það að hafa merkið á dökkum eða marglitum grunni
en ef hjá því verður ekki komist skal merkið vera í heilum hvítum lit.







Dæmi um notkun á lituðum / marglitum grunni

Á mynstruðum/marglitum grunni skal nota annaðhvort hvítt merki eða merkið í lit eftir því sem á betur við.

## Letur

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Letrið sem heiti skólans er skrifað með heitir **Avenir** og er eftir leturhönnuðinn Adrian Frutiger.
Það er geometrískt steinskriftarletur hannað og gefið út af Linotype árið 1988.

Heiti skólans í merkinu með táknmyndinni skal alltaf ritað með hástöfum í Avenir 85 heavy í svörtum tóni.

Í auglýsinga- og markaðsefni skal leitast við að hafa fyrirsagnir ritaðar með Avenir.

A Á B C D Đ E É F G H I Í J K L M N
O Ó P Q R S T U Ú V X Y Ý Z Þ Æ Ö

a á b c d ð e é f g h i í j k l m n
o ó p q r s t u ú v x y ý z þ æ ö

*Avenir 55 Roman*

**A Á B C D Đ E É F G H I Í J K L M N**
**O Ó P Q R S T U Ú V X Y Ý Z Þ Æ Ö**

**a á b c d ð e é f g h i í j k l m n**
**o ó p q r s t u ú v x y ý z þ æ ö**

*Avenir 85 Heavy*

# Óleyfilegar útfærslur

Ekki nota annað letur með táknmyndinni en það sem gefið er upp í þessum hönnunarstaðli.

Ekki nota önnur hlutföll milli táknmyndar og heiti en gefin eru upp í þessum hönnunarstaðli.

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Ekki nota aðra liti en þá sem eru gefnir upp í þessum hönnunarstaðli.

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

MENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Ekki jafna merkið hægra megin eða við miðju heldur eingöngu nota vinstrijöfnun.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

SCHOLA AKUREYRENSIS